

Grand Hótel Reykjavík 2. og 3. október 2014

Á ráðstefnunni verður fjallað um hugmyndafræði „Félagslegrar hugsunar“ (Social Thinking®) og aðferðir til að efla félagsfærni hjá börnum og fullorðnum sem glíma við erfiðleika í félagslegum samskiptum vegna þroskaraskana af einhverjum toga.

Ráðtefnan er ætluð fagfólki, aðstandendum, fólki með hamlandi vanda í félagsfærni og öðrum þeim sem hafa áhuga á eða starfa með börnum, unglingum eða fullorðnum með frávik í félagsþroska til dæmis vegna einhverfu, ADHD, óyrtra eða félagslegra námserfiðleika.

Um fyrirlesarann

Michelle Garcia Winner er talmeinafræðingur frá Bandaríkjunum sem hefur sérhæft sig í þjálfun og kennslu einstaklinga með hamlandi erfiðleika í félagslegu samspili. Michelle er frumkvöðull á sínu sviði og þróaði hugtakið félagslega hugsun um miðjan tíunda áratuginn. Hún hefur byggt upp aðferðir til að efla félagsfærni hjá fólki á öllum aldri. Eftir hana liggja bækur og annað hagnýtt kennsluefni fyrir fagfólk, einstaklinga og foreldra.

Íhlutunarleiðir þróaðar af Michelle hafa það markmið að efla færni fólks í félagslegri hugsun, óháð þeim greiningum sem liggja að baki. Styrkleikar og veikleikar viðkomandi sem tengjast úrvinnslu félagslegra skilaboða eru ávallt í forgrunni.

Tilhögun, skráning og verð

Ráðstefnan verður á Grand Hótel Reykjavík og fer fram á ensku. Dagskráin er byggð upp á fyrirlestrum Michelle. Þátttökugjald er kr. 17.000, kaffi, meðlæti og léttur hádegisverður er innfalið. Boðið verður upp á rólega aðstöðu í hliðarsal í hléum. Skráning og greiðsla fer fram hjá Iceland Travel gegnum www.greining.is.

Hvað er félagsleg hugsun?

Það er það sem við gerum þegar við eigum samskipti við annað fólk: við hugsum um það. Hvernig við hugsum um aðra hefur áhrif á hvernig við hegðum okkur, sem aftur hefur áhrif á hvernig fólk bregst við okkur, sem svo hefur áhrif á okkar eigin tilfinningar. Hvort sem við erum með vinum, í skólanum, á vinnustað, sendum tölvupóst eða kaupum í matinn, þá meðtökum við (oftast ómeðvitað) hugsanir, tilfinningar og ætlanir þeirra sem við eigum í samskiptum við.

Þar sem félagsleg hugsun er ferli sem gerist nokkuð af sjálfu sér þá tökum við því oftast sem sjálfsögðum hlut. Því er þó ekki þannig háttað hjá öllu fólki og það hefur ekkert með greind að gera eins og hún mælist á hefðbundnum greindarprófum. Staðreyndin er sú að margir mælast með greind yfir meðallagi en hafa samt sem áður ekki náð tökum á þeim blæbrigðum sem félagslegt samspil felur í sér.

Hér má finna vefsíðu um félagslega hugsun: www.socialthinking.com. Fylgist einnig með á facebook!